PScan 1506.5

Kvennablaðið kostar 3 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrirfram, en ½ fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

25. ár. | Reykjavík, 30. sept. 1919. | № 9.

Samkomuhús kvenna í Reykjavík.

Hólmfríður Árnadóttir kenslukona hefir hreyft því í blöðunum, að konur í Reykjavík ættu að koma upp nokkurs konar kvennabyggingu. Aðallega hugsar hún sér það sem verndarheimili handa ungum stúlkum, sem hingað flytjast eða hér eru verndarlausar og munaðarlausar.

Það sem vakir aðallega fyrir H. Á. eru víst verndarheimili þau, sem víða eru í stórborgum erlendis, aðallega fyrir útlendar og innlendar stúlkur, sem félitlar og ókunnugar flytjast til stórborganna. Það eru aðallega félög þau, sem vinna á móti hvíta mansalinu, sem komið hafa þessum heimilum á fót í sambandi við ýmsar trúboðs- eða „missions"-stofnanir. Á þessum heimilum geta ungar stúlkur fengið húsnæði og fæði um skemri tíma, meðan þær eru að útvega sér atvinnu, eða ef þær eru á ferð, og dvelja þar að eins skamman tíma.

Þessi heimili leiðbeina stúlkunum á ýmsan hátt, og eru þeim hjálpleg að svo miklu leyti, sem þau ná til. En það er venjulega að eins um stundarsakir, og meira til bráðabirgða en til langframa.

Langt er síðan að ýmsum konum hér í bæ hefir komið til hugar, að konur ættu að sameina sig um húsbyggingu. Svo langt, að það var á fyrstu árum „Hins íslenzka kvenfélags", að þar kom tillaga fram, að félagið skyldi safna fé til húsbyggingar, fyrst og fremst handa sjálfu sér til fundahalda, og svo gæti það og ætti að útvíkkast til fundahalda fyrir konur í Reykjavík, þar ætti einnig að fást keyptur matur og kaffi o. s. frv.

Í fyrstu fékk þessi tillaga litinn byr. Konum þótti þá óhugsandi, að leggja út í slíkt, þegar „ekki einu sinni Thorvaldsensfélagið, sem elzt væri kvenfélaganna í bænum, hefði hugsað svo hátt enn þá, að eignast hús". — Ári síðar var þó þessi tillaga borin upp aftur, rædd og samþykt. — Síðan hefir þaðan ekkert heyrst meira um það mál.

Á fundi „Bandalags kvenna" í Reykjavík í fyrra kom einnig fram tillaga frá frú Steinunni Bjarnason um húsbyggingu Reykjavíkurkvenna, til fundahalda fyrir kvenfélög bæjarins og ýmsrar annarar notkunar. En eftir því sem vér bezt minnumst, var þar ekki átt við eiginlegt verndarheimili handa konum.

Þessar húsbyggingar kvenna eru nú orðnar almennar erlendis í stórum borgum, og eru eitt af nauðsynjamálum þeirra. En fyrirkomulag þeirra og tilgangur er mismunandi. Víða eru það stórar bpggingar með fundasölum og veitingasölum. Sumstaðar eru þar einnig bústaðir fyrir einhleypar konur, þannig að þær geta fengið sérstök herbergi til leigu, og kaupa þar svo mat líka. Fylgja því ýms þægindi og skemtanir, sem þær geta átt aðgang að. Sumstaðar eru „hótel" handa konum í þessum byggingum, og víða eru þar lestrarsöfn, skrifstofur og tæki fyrir konur til bréfaskrifta, eða jafnvel ritstofa, ef þær vilja.

Í Ameríku og Englandi eru það „Klúbbarnir" sem eru hinir eiginlegu samkomustaðir kvenna, og þeirra annað heimili. Það geta eins vel verið leiguhús, en þau eru daglega opin fyrir meðlimina, og þangað láta þær íðuglega senda sér bréf sín og blöð. Utanbæjarkonur geta einnig átt aðgang að þeim, og er þeim þá ætíð ætlaður staður þar til gistingar, þegar þær vilja og þurfa að vera í borginni, ef þær hafa ekki aðra stað.

Hér í Reykjavík væri mjög mikil þörf á sérstakri kvennabyggingu, sem gæti haft nægilega stóran fundasal fyrir konur, þegar þær vildu halda stóra fundi, og sem kvenfélögin

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

gætu einnig fengið hæfilega stórar stofur fyrir félagsfundi sína. Þetta hús þyrfti einnig að geta veitt konum gistingu, sem kæmu til bæjarins víðsvegar af landinu, og ættu hér enga kunningja eða vandamenn. Það þyrfti einnig að geta rúmað „Lestrarfélag kvenna", og haft til að bera sem mest þægindi fyrir konur, eins og stungið hefir verið upp á.

Í þessari byggingu ættu einnig ýmsar námsstúlkur hingað og þangað af landinu að geta fengið sér leigð herbergi, og keypt fæði með sanngjörnu verði, ef þær ættu ekki neina aðstandendur eða kunningja í bænum, sem þær gætu leigt hjá. Á þann hátt gæti sú hugmynd, að vernda stúlkur, komist í framkvæmd; því auðvitað yrði þar forstöðukona, sem hefði alla umsjón með þeim, sem heimilisfastir væru hjá henni. En á engan annan hátt mundi það geta talist *verndarheimili* fyrir stúlkur í þrengri merkingu. Því til þess þyrfti líka stærri byggingu og dýrari en konur hefðu tök á að fá upp komið. Þetta væri líka stórt spor í áttina; enda er hér varla samanberandi þörfin á reglulegu *verndarheimili* og í fjölmennum stórborgum, með miklum samgöngum við svo að segja allan heiminn.

Kvennabygging hér í Reykjavík ætti aðallega að vera miðstöð Reykjavíkur-kvenna, með samböndum við konur um alt landið. Þar ættu, eins og að ofan er sagt, ýmsar munaðarlitlar aðkomustúlkur að geta fengið gistingu og greiða um skemri tíma, og þar ættu sömuleiðis ýmsar námsstúlkur, sem fáa þektu hér, að geta fengið húsaskjól og heimili. Mundi þetta vinsælt fyrir bygginguna og heppilegt fyrir stúlkurnar, ef forstöðukonan væri starfi sínu vaxin.

Telja má víst, að ef mál þetta yrði vandlega hugsað og vel undirbúið, þá mundi það mæta góðum undirtektum fólks hér í bænum, jafnvel *bæði* karla og kvenna. Það virðist liggja næst að leita til allra kvenfélaga bæjarins um liðveizlu og hluttöku í því. En það virðist einnig sjálfsagt að leita til kvenna út um landið, hvort þær vildu vera í samvinnu í þessu máli, og leggja sinn skerf til þessarar byggingar, sem þær svo ættu að geta átt aðgang að á ýmsan hátt, ef hún kæmist upp.

Vitanlega vantar konurnar tilfinnanlega fé til allra stórra fjárframlaga. En ef mikil og almenn samtök yrðu um þetta mál meðal kvenna um alt land, þá mætti telja víst, að þær gætu einnig fengið styrk af ríkissjóði til slíkrar stofnunar, og því fremur sem hún yrði fleiri konum opin. Telja má einnig víst, að bæjarstjórnin mundi styrkja fyrirtækið, og mjög eðlilegt virtist það, að bærinn legði fram ókeypis lóð til slíkrar byggingar. — —

Þetta, sem hér er sagt um þetta mál, er að eins sett hér fram til íhugunar fyrir konur, um það á hvaða hátt mætti koma þessari gömlu byggingar-hugsjón kvenna í framkvæmd. Um þetta mál ættu konur hér í bæ að vera samtaka, og gæti þá verið vel til fallið að „Bandalag kvenna" beitti sér fyrir „agitationina", undirbúninginn og framkvæmdir málsins, sem sambandsnefnd allra þeirra kvenna, sem að málinu vildu hlynna og starfa.

En ef „Bandalag kvenna" fer að taka þetta mál að sér, þá verður það að gæta þess vandlega, að slíkt stórvirki útheimtar mikla fyrirhyggju, dugnað og þolgæði. Þær verða að gæta þess, að *þetta mál er yfrið nóg verkefni fyrir það í mörg ár*, og að það má þá ekki sundra kröftum þeim, sem að þessu vilja vinna, með því að hafa of mörg járn í eldinum í einu, sem ef til vill brynnu svo að meira eða minna leyti.

Hannyrðir.

1.

Það er alkunnugt, að útsaumur og skrautvefnaður hefir frá elztu tímum verið kvenlegar listir. Hvert land á sínar gömlu þjóðlegu hannyrðir, sem geymast nú á söfnum, sem mestu dýrgripir, og augljósasti votturinn um gamla menningu hinna ýmsu þjóða. Íslenzku konurnar hafa heldur ekki verið afskiftar af þessum listum, þrátt fyrir fjarlægð

frá umheiminum og samgönguleysi. Það sýna hinar ýmsu hannyrðir og vefnaður, sem eftir þær liggur hér á Þjóðmenjasafninu.

Nú þegar áhuginn fyrir heimilisiðnaði og ýmsum gömlum vefnaði og hannyrðum er víða um lönd vakinn til lífs aftur, og menn eru farnir að taka þenna gamla iðnað til fyrirmyndar við endurreisn hins nýja heimilisiðnaðar, sem víða er að rísa upp, þá þá hyggjum vér að lesendum „Kv.bl." muni þykja fróðlegt, að það flytji dálitinn útdrátt úr fyrirlestri eftir frú S. Rasmussen, um sögu þessa kvenlega listiðnaðar, frá ýmsum þjóðum og frá elztu tímum.

„Útsaumurinn hefir myndast af löngueninni til að gera tilbreytingarlausa slétta fleti breytilega og þægilega að horfa á, með því að prýða þá með allskonar útflúri. Útsaumurinn hefir á sínum beztu tímum verið samfara skrautvefnaði.

Í fornöld, þegar vefnaðarlistin var ekki enn þá þekt til hlýtar, til þess á þann hátt að geta framleytt alskonar skrautmyndir, þá notuðu konur útsaums-aðferðina, til þess á þann hátt, að prýða fatnaðinn og heimilin.

Útsaumurinn, sem frá alda öðlí hefir verið unninn með einu einasta verkfæri, saumnálinni, hefir myndast eftir efninu sem hann var saumaður í.

Þess vegna hafa myndast ýmsar sérstakar listreglur í útsaumum, eftir hinu mismunandi saumgarni, sem saumað var með, og dúknum sem saumað var í. Þannig var það eðlilegt, að ef saumað var í gisinn dúk, þar sem þræðirnir lágu með reglulegu bili yfir og undir hver öðrum, svo að lítil ferhyrnd göt mynduðust, að þar myndaðist krosssaumurinn. En í dúka með þéttari vefnaði yrði að sauma sporin, eða stingirnir yrðu að liggja fast við hliðina hver á öðrum. Þannig myndaðist önnur útsaumstegundin: flatsaumurinn.

Til þess að spara sér tíma við að fylla upp stóra fleti með óteljandi nálarsporum og stingjum, var fundið upp að klippa allavega lagaðar og litar pjötlur úr alskonar dúktegundum, sem áttu við þann útsaum og gerð, sem verið var að búa til; og sauma svo þessar dúkpjötlur — sem gátu myndað blöð, rósir, blóm og myndir — á sléttan dúk með allavega skrautstingjum. — Á þenna hátt myndaðist eftirlíkingar eða álagningar útsaumurinn (applications Broderi).

Sú aðferð, að baldýra með gull- og silfurvír, án þess að stinga nálinni með honum í gegnum dúkinn, heldur leggja hvern sting við hliðina á öðrum, og festa þeim svo niður með fínum silkitvinna í blöð og skrautmyndir -- er sprottin af því, að vilja hlífa hinum dýru flauelsdúkum eða silkidúkum, sem saumað er í. — Þessi aðferð tíðkaðist mjög á miðöldunum, og er enn í dag notuð við baldýringar í Japan (og á Íslandi).

Á miðöldunum var kedjusaumurinn einnig mikið notaður (þaðan kemur svo íslenzki blómstursaumurinn) sem er eins og afturstingur á úthverfunni, en myndar smálykkjur á réttþverfunni, sem nálin stingst upp í og saumþráðurinn dregst í gegn um, áður en næsta spor er stungið.

Á þeim tímum þegar manna- og dýramyndir voru helztu útsaums-fyrirmyndirnar, þá var upphækkunar-útsaumurinn mest notaður (Relief Broderi). Það gerðist á þann hátt, að þar sem myndin átti að hækka upp, var lagt undir sauminn með klæði, skinni eða jafnvel þunnum pappa, og svo bróderað yfir.

Þegar upphækkunar-útsauminum fór að hnigna, þá voru útsaumuðu myndirnar ordnar alveg eins og þær væru stoppaðar, áður en saumað var yfir þær. Af þessu varð útsaumurinn mjög þungur og íburðarmikill.

Í elztu ritum um útsaum, er krosssaumur nefndur „opus pulvinarium", flatsaumur kallast „opus plumarium" eða fjaðrastingur, af því hver stingur liggur við hliðina á öðrum, eins og þræðirnir í fjöðrinni. Þar kallast líka enskur útsaumur „opus anglicanum", og er hann saumaður með kedjusting, þannig að byrjað er á miðjunni á hverri mynd, og saumað svo í hring eða sporbaug, þangað til umgerðin er uppfylt og ystu brún myndarinnar náð. Þessi útsaumur var saumaður með mörgum litum og mörgum litbreytingum í hverjum lit (sbr. íslenzka blómstur-

sauminn), svo að þessi útsaumur var einkennilega skrautlegur. — Í hinu „enska ungfrúa“ klaustri í Pölten við Wien er ennþá til aðdáanlega skrautlegur messuskrúði með þessum saum, og gefinn klaustrinu af Maríu Teresiu drotningu. — Í Saxlandi og Bæheimi hafa menn á síðustu öld reynt að líkja eftir þessari útsaums gerð. En það hefir tekist svo illa, að stælingin er langt undir fyrirmyndinni að fegurð og listagildi, svo ómögulegt er að villast á því.

Á miðöldunum komst einnig ein sérstök útsaums-skrauttegund til vegs og valda. Hún saumaðist oft með perlum, gimsteinum og kristöllum, svo að ljósið brotnaði í þeim, og geislar stóðu af þeim, þegar sá, sem bar það hreyfði sig, eða ef vindurinn blés í veggteppi, dýratjöld eða hásætistjöld, sem voru saumuð á þenna hátt.

Frá elztu sögutímum finnast hjá grískum og rómverskum skáldum og rithöfundum frásagnir og lýsingar, sem sýna að þá hefir verið siður að skreyta föt sín með útsaumi. Í latneskum lýsingum er orðið „pictor“ eða „acu pictor“ oft notað, sem sýnir að útsaumur var skoðaður sem málverk, gert með nál.

Plinius segir, að það að gera listaverk með nál, hafi Frygiumenn fundið upp, sem var þjóðflokkur ættaður frá Litlu-Asíu. Og hjá fyrstu söguritunum rómversku og grísku, má oft lesa um frygiska skrautklæðnaði. En þar er líklega fremur átt við að þeir hafi verið gerðir eftir frygiskum fyrirmyndum, heldur en að þeir hafi sjálfir búið þá til. Þetta sannast líka með því, að Rómverjar kölluðu þá, sem saumuðu skrautsaum, Frygiora.

Á fyrstu öldum kristninnar í Róm, voru Rómverjar óhófsmenn miklir með íburðarmikla og skrautsaumaða búninga, þótt kirkjan fyrirdæmdi það og bannaði. Þá var heldur ekki farið að nota útsaum við kirkjubúnaði, því prestarnir urðu vegna ofsókna að leyna guðsdýrkun sinni.

Kringsjá.

Ástralía. Þar hafa konur áður fengið kosningarrétt, en í sumum ríkjunum ekki kjörgengi. Nú hafa konurnar í *Suður-Wales* og *Victoríu* fengið einnig kjörgengi, bæði til Parlamentisins og í öllum bæja-, sveita- og héraðamálum.

Á *Nýja-Zeelandi* hefir einnig frumvarp verið fyrir þinginu um kjörgengi kvenna, sem eflaust gengur í gegn.

Í *Bandaríkjunum* hafa nú 14 sambandsríkin, af þeim 36, sem eftir voru, samþykt kosningarrétt og kjörgengi kvenna.

Þýzkaland. Hin nýja stjórnarskrá Þýzkalands veitir konum fult jafnrétti við karlmenn að öllu leyti. Þær hafa aðgang að öllum opinberum stöðum og embættum, með sömu launum og karlmenn, og auðvitað sömu skilyrðum, og eins þótt þær séu giftar.

Á *Englandi* hefir verið fyrir þinginu í sumar frumvarp um jafnrétti kvenna og karla. Þar eru öll skilyrði feld burtu, sem gerðu mun á kosningarrétti karla og kvenna, sömuleiðis konum veittur jafn aðgangur að efri málstofunni, réttur til að vera dómarar og kviðdómsmenn, og yfirleitt að fá aðgang að öllum „civil“um embættum og stöðum eins og karlmenn.

Fyrir síðustu kosningar, er bandalagsstjórn sú styðst við, er nú situr að völdum, þá hét Lloyd George og hinir ráðherrarnir því á kosningar-undirbúningsfundunum, að upphefja allan laga mun á milli kvenna og karla, ef þeir yrðu við völd. En nú, þegar á þingið kom, þá leggur stjórnin fram í efri málstofunni alt annað frumvarp, sem gefur reyndar hertogafrúnum rétt til að sitja í efri málstofunni. Að nafninu til veitir frumvarpið konum aðgang að öllum borgaralegum embættum, en þó með þeim skilyrðum, að þær eru sama sem útilokaðar frá þeim í framkvæmdinni.

Þegar þetta frumvarp var fyrir efri málstofunni, fékk sendinefnd frá 14 kvenfélögum enskum leyfi til að tala við foringjana í neðri málstofunni, og sýndu fram á gallana á þessu

frumvarpi. Stjórnin hét því, að taka breytingar til greina, — þær gætu komið fram í neðri málstofunni — sem félögin yrðu ánægð með.

Efri málstofan feldi frumvarpið um jafnrétti kvenna.

En þegar til kom, var stjórnarfrumvarpið samþykt í efri deild. Hertogafrúnum var slept, en ýmsar verri breytingar teknar upp aftur og samþyktar.

Frumvarpið kom nú til neðri deildar. Hún gerði við það 7 breytingartillögur konum í hag, svo nú var það orðið reglulegt jafnréttis-frumvarp.

Þrjár breytingartillögurnar voru mikilvægastar:

að konur fengju kosningarrétt með sömu skilyrðum og karlmenn (áður fengu þær hann 30 ára gamlar, en þeir 19),

að þær fengju aðgang að öllum opinberum embættum — og

að þær hefðu rétt til að vera dómarar og kviðdómarar.

Stjórnin hafði ávalt sagst vera á móti sama aldurstakmarki til kosninga fyrir bæði kynin, en nú var hún í neðri málstofunni, sem hafði felt frumvarpið fyrir henni áður út af þessu.

Í kvennablöðunum er skopast mjög að stjórninni fyrir ráðaleysi hennar, þegar svona var komið. Þau segja, að nú hafi hún helzt viljað flýja frá sínu eigin frumvarpi. Og þegar það var til 2. umræðu í neðri deild, þá hafi stjórnin tekið eftir að margir af hennar fylgifiskum væru komnir í sumarleyfi — þeir eigi venjulega fleiri og meiri veiðiskóga en verkamannaflokkarnir og aðrir vinir og flokksmenn kvennanna. — Og svo hafi ráðherrarnir séð, að þrátt fyrir sumarhitann, þá hafi Robert Cecil lávarður, með alla sína fjárhags- og utanríkismálaþekkingu, setið blýfastur í sæti sínu, með breytingartillögurnar í höndunum. Þeir hafi séð, að nú yrðu breytingartillögurnar bornar upp á undan, og þá yrði þeirra frumvarp í raun og veru reglulegt jafnréttisfrumvarp — og þá hafi þeir orðið hræddir og hlaupið eða símað í Downing Street til forsætisráðherrans, og sótt hann í bíl. Og svo hafi bekkirnir verið smáfyltir, og svo átti að ganga til atkvæða um kl. 4. En þá hefðu þeir helzt viljað losna við sitt eigin frumvarp, en þegar það hafi ekki verið unt, hafi þeir fundið ýms ný brögð, sem neðri deild hafi ekki grunað. Breytingartillögurnar hafi verið geymdar til næsta dags, en nýjar breytingar komið ofan úr lávarðadeildinni við annað frumvarp, sem svo hafi verið tekið fyrir. Robert Cecil, og ýmsir aðrir, hafi mótmælt þessu harðlega, og sagt að nú ætti frumvarp kvenna að koma, en ráðherrarnir þögðu og létu ganga til atkvæða um þetta nýja mál, sem var samþykt með mjög litlum meiri hluta, þá var tíminn úti, og frumvarp kvenna var svo geymt til haustsins, þegar þingið kemur saman í október, eftir sumarleyfið.

Nú vona konur að kosningar fari fram bráðlega, og þá fái stjórnin sín maklegu málagjöld.

Burknar.

Margir halda að mjög erfitt sé að láta burkna þrífast inni. En svo er þó ekki. Þeir þrífast þar vel og eru hin mesta stofuprýði. Hér koma nokkrar smábendingar frá gömlum burknavini, sem fékst við burkna í mörg ár.

1. Burknar vilja helzt vera í stofu, sem ekki er mikill ofnhiti í, og svo nálægt birtunni sem unt er.

2. Þeir vilja helzt ekki flytjast til og frá.

3. Burknar eiga helzt ekki að standa við súg. Loftið ekki út um þann glugga sem burkni stendur í.

4. Burknar mega *aldrei* verða alveg þurrir.

5. Burknar eiga *ætíð* að vökvast með volgu vatni, og litlu í einu, en þangað til að öll jurtin er gegnvot, ekki aðeins gusu og gusu við og við, en heldur láta 1—2 daga líða á milli, og vökvað sé að gagni þegar það er gert. Hellið svo öllu vatninu úr undirskálinni undir blómsturpottinum. Þar má aldrei standa vatn í, nema um heitustu sumardaga, því annars súrnar moldin, og jurtin deyr.

6. Þegar plantan fer að vaxa á vorin, þá á að gefa henni blóma-áburð. — Notið það eftir forskriftinni, og brúkið það oft á sumrin á hverjum degi, meðan mestur vöxtur er í jurtinni.

Meðalaskrína prófastsfrúarinnar.

(Þýtt úr sænsku).

Þegar einhver veikindi komu fyrir í sókninni, þá var jafnan leitað til prófastsfrúarinnar. Ef telpan sveitastjórnar-oddvitans stakk sig í hendina á heykvíslinni, eða vinnukona ráðsmannsins á prestssetrinu brendi sig á hendinni við jóla-ölgerðina, eða sýslumaðurinn fekk gigt í hnéð, eða gamla Maja á Haugi fekk aftur vatnssýkina, þá var ætíð viðkvæðið: »Það er víst bezt að fara til prófastsfrúarinnar". Og allir, bæði stóru og litlu strákarnir, sem skáru sig í fingur eða meiddu sig í fæti, óg sóttu til hennar ráð og hjálp, voru nærri því óteljandi. Andlitið á prófastsfrúnni var eitthvað svo fróandi og læknandi — bara með því að horfa framan í hana batnaði mörgum að hálfu leyti, einkum ef hún talaði við þá svo sem í fimm mínútur. Og til að lækna sár var hún alveg dæmalaus. Það játaði líka hann gamli Bam læknir, sem þó var svarinn óvinur allra skottulækna. En prófastsfrú Lodin hún var af alt öðru sauðahúsi. Hún var undantekning!

Oft bar það við, þegar hún hafði bundið um sár einhvers karlsins úr Ryvi-sókninni, sem svo leitaði til læknisins á eftir, að hann skrifaði nokkur orð á pappírsblað og sagði: „Á morgun verðurðu að fara til prófastsfrúarinnar, og fá henni þenna miða, og svo sér hún um þig á eftir".

Og margar ferðir spöruðu bæði læknirinn og sjúklingarnir sér, þegar prófastsfrúin hafði gefið upp sína „diaagnose", og sent einhvern með hana til smábæjarins, sem læknirinn bjó í, sem var mílu vegar frá Ryvi.

Einu sinni þegar læknirinn þurfti að takast einhverja nauðsynlega ferð á hendur, spurði hann brosandi prófastsfrúna, hvort hún vildi ekki vera staðgengill sinn á meðan.

„Nei, þakka yður, herra læknir. En biðið bara svo sem 20 ár, þá skal ég senda staðgengil, sem getur gert verklegu störfin fyrir yður", hafði prófastsfrúin svarað, og tekið um axlirnar á Pétri litla syni sínum.

Drengurinn blóðroðnaði, þegar mamma hans talaði svo upphátt um hans stóru framtíðardrauma. En frá þeim degi elti hann læknirinn ætíð í hvert skifti sem hann kom á prófastssetrið, frá því að hann steig út úr vagninum, og til þess að fótpokanum var hnept aftur um fæturna á honum og vagninum ekið burtu.

Til þess að geyma í meðulin sín hafði prófastsfrúin grænmálaða tréskrínu, með mörgum mismunandi hólfum fyrir meðul, við innvortis og útvortis sjúkdómum. Þessi skrína var stöðugt send á hálfs árs fresti inn til lyfjabúðarinnar í bænum, sem bróðir frúarinnar átti. Þá yfirleit hann birgðirnar, bætti við því, sem vantaði, og einnig því, sem með þurfti, af því sem bæzt hafði við af nauðsynlegum meðulum eða áhöldum frá því síðast. Svona hafði það gengið í mörg ár.

Pétur, sem líklega var smeykur um, að þessi dýrmæta skrína kynni að glatast á þessum ferðum sínum til borgarinnar, hafði einu sinni, Sigríði systur sinni til skelfingar, rist með beittum skærum á skrínulokið: „Mamma Lodin". En með því að mamma var mjög reglusöm, og gat líka verið ströng, þá fekk hann dálítinn löðrung að launum fyrir listaverkið, og með honum fyrsta gruninn um, að vanþakklæti eru veraldarlaunin.

En hvernig sem á því stóð, þá var aldrei málað yfir það, og þetta stóð enn þá á lokinu, þegar Pétur hafði lokið stúdentsprófi, og farið til Uppsala-háskóla. Nú fanst prófastsfrúnni það að eins vera kær minning um hinn fyrverandi litla hrekkjalim.

Já, Pétur var nú orðinn stúdent og las læknisfræði. En Sigríður, sem var árinu yngri, var nú einnig smámsaman farin að læra að binda um sár og fara með þau. Síðasta árið hafði hún að minsta kosti sýnt mikinn áhuga á því. Og einu sinni þegar fjölskyldan var í heimboði hjá lyfsalanum í borginni, þá barst þetta í tal. Otto móðurbróðir stakk þá upp á því, að hún skyldi fá að fara til Uppsala og taka þar námsskeið í sáralækningum, til þess að þroska hæfileika sína.

„Mér finst nú að Sigríður hafi nóg að gera heima", sagði prófasturinn.

Klara móðursystir áleit, að þegar menn væri svo hepnir að eiga eina dóttur, þá ættu menn ekki að sleppa henni fyrri frá sér en nauðsynlegt væri. — Þegar hér var komið samræðunum, heyrðust óp mikil úti í garðinum, þar sem drengirnir voru að leika sér. Hún flýtti sér út til þess að semja frið milli þeirra. Sigríður fylgdist með henni.

Á leiðinni heim aftur gengu þær í gegnum lyfjabúðina, þar sem Hugo Lönnquist, sem verið hafði aðstoðarmaður hjá Otto móðurbróður í tvö ár, var nú að búa til blöndur og alskonar smyrsl.

„Móðurbróðir segir að ég skuli fara til Uppsala, og ganga þar á sáralækninga-námsskeið. Hvað segir lyfjasveininn um það?" spurði hin unga stúlka og staðnæmdist við búðarborðið.

„Spyr ungfrúin mig um það, til þess að geta breytt þvert á móti?" sagði ungi maðurinn hlæjandi. Þau áttu ætíð í brösum saman, þegar þau hittust.

„Illgjarn eins og vant er! En gætið nú að yður. Ég skal koma heim aftur eins og útlærður sáralæknir, og draga út tennur og saga af limi —

láttu meðalaskrínuna vera, Haraldur — og taka blóð, og vei yður þá, ef þér fáið minstu blóðeitrun, þá kem ég með sögina.

„Og þá fæ ég að halda yður, frændi", sagði Haraldur með brennandi áhuga. — Bæði hlógu.

„Dáfalllegt útlit fyrir mig", sagði Hugo. „Annars ætlaði ég að stinga upp á, að ungfrúin yrði nemandi hérna í lyfjabúðinni. En þá yrðum við eflaust að geyma lykilinn að eiturskápnum vandlega, svo hættan yrði ekki eins mikil".

Nú kom einhver viðskiftavinur, svo unga stúlkan dró sig inn í íbúðina.

En fátæku konunni, sem kom til að kaupa hjartastyrkjandi dropa fyrir tólf skildinga, fanst ungi maðurinn vera svo glaður og vingjarnlegur, að henni fanst hún hressast mikið bara við að rétta honum glasið. Ef til vill höfðu droparnir hjartastyrkjandi áhrif á hana. Bara ilmurinn! Hver veit?

„Það er skaði, að borðsalurinn skuli liggja svona nálægt lyfjabúðinni", sagði prófastsfrúin á heimleiðinni. „Það fellur svo fljótt á silfrið".

„Já, og svo er þar svo undarlegt loft. En það ætti nú sjálfsagt að vera sérstaklega holt", sagði prófasturinn gletnislega.

Sigríður þagði, en hún vissi að hjá henni vakti þessi kryddþrungni ilmur jafnan svo glaðar tilfinningar. Og ef hún hefði átt að svara þeirri spurningu upp á æru og samvizku, hvort henni þætti nokkur ilmvötn betri en „White Rose" eða „Konveljur og fjóla", þá mundi hún svara: lyfjabúðin.

Einn fimtudag síðdegis kom lyfsala-vagninn brunandi heim á hlaðið á prófastssetrinu. Lönnquist lyfsali, Klara móðursystir og báðir drengirnir voru með.

„Það er frídagur Hugo's í dag. Hann æflar að koma hingað til þess að sjá þessi fágætu blóm, sem spretta hérna við lækinn, og svo tók ég Harald og Þorstein með", sagði hin glaðværa Klara um leið og hún faðmaði mágkonu sína og Sigríði.

„Hefir mági mínum tekist að gera Hugo að jafnmiklum grasafræðingi og hann er sjálfur", spurði prófasturinn glaðlega. „Við verðum víst að taka okkur ferð á hendur ofan að læknum, þegar við höfum drukkið kaffið, til þess að skoða þessa undarlegu jurt".

En eftir kaffidrykkjuna kom einhver sóknarmaður í erindi til prestsins. en frúrnar kunnu svo vel við sig í legubekknum, að enginn fylgdi Hugo í þessa grasafræðisferð, nema Sigríður og drengirnir.

Það var indælt vorkvöld. Allur kuldi var horfinn úr loftinu, sem fylgir ísnum og snjónum, svo það var milt og hlýtt og ilmandi af nýútsprungnu laufi og blómum. — Lækjarbrekkan var alþakin stjörnustráðri ábreiðu af hvítblómum og gullmöðrum, sem glitruðu í þéttum knippum milli trjárunnanna, óg í grasinu glitruðu blásóleyjar og fjólur. — Sigríður tíndi hin litlu blómsturbörn á milli þess sem hún talaði glaðlega við Hugo.

Hann gekk við hliðina á henni, og horfði ýmist á hana eða á litla blómvöndinn, sem altaf stækkaði í höndum hennar. Hann hafði varla verið nokkurn tíma aleinn með henni fyrri. En nú voru drengirnir hlaupnir eitthvað burtu, svo þau voru alein og ótrufluð bæði. Hann heyrði varla hvað hún sagði. Bara vissi að þetta var hennar rómur; hann fann að eins að þetta var hún Sigríður litla hans, sem þenna inndæla dag stóð við hlið hans þarna við litla niðandi lækinn.

Í heilt ár hafði hann kæft hvert hlýtt orð, sem viljað hafði fram yfir varir hans. Og með gáska og gamni hafði hann dulið það bezta sem hann átti til í tilfinningum sínum. En nú steig vorloftið honum til höfuðsins eins og vín, og hjartað varð of fult. Honum var jafn ómögulegt að binda tilfinningar sínar þagnarböndum og þrestinum í beykilaufinu fyrir ofan höfuð þeirra var ómögulegt að þagga niður hjá sér allar fagnaðar-trillurnar úr vorsöngnum sínum.

Og fyr en hann hefði getað hugsað um það, hafði hann tekið báðar hennar blómum fyltu hendur, og svo sprungu orðin fram eins og brúsandi vorlækur:

Þótti henni eins vænt um hann eins og honum um hana? Vildi kún bíða eftir honum, svo fátækum sem hann var, bíða og vona á betri tíma, svo skínandi bjarta, dýrðlega og sæla, að hann sundlaði við að hugsa um þá. Vildi hún, vildi hún? . . .

Og Sigríður hlustaði, eins og ung stúlka hlustar fyrsta sinni á ástarjátningu unnusta síns, og augu hennar svöruðu betur en nokkur orð . . .

Þá brakaði alt í einu í þurrum greinunum fyrir aftan þau, og líkt og væru þar tveir ungir tíflar, stukku drengirnir niður fyrir næsta hólinn.

„Við höfum drepið höggorm! Hann var svona langur og svona digur".

„Og hann ætlaði alveg að stökkva á mig . . . og svo barði ég hann þangað til hann drapst". Þorsteinn þagnaði, til þess að ná andanum, eftir alla áreynsluna, og hélt svo áfram: „Er það hér sem fallega „salix"-jurtin vex? En ekki er það „salix" sem frændi leggur þarna inn í vasabókina sína. Það er fjóla og primula".

„Það er alveg rétt, þú þekkir nöfnin, heyri ég", sagði Hugo rólega um leið og hann setti vasabókina gætilega í vinstri brjóstvasann. „Nú skulum við líka taka nokkur falleg „salix"-blóm".